

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2008 02-2008030223  
T-ums 08/08

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135 / 1850**  
**komudagur 19. 3. 2008**

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum - sameiginleg forsjá, lögheimili barns o.fl. - 149. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 12. mars 2008 móttengið bréf yðar dagsett 10. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, 149. mál, þskj. 159.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að gera athugasemdir við tvö atriði í frumvarpinu. Í fyrsta lagi við 4. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytinga á 31. gr. barnalaga nr. 76/2003 í þá átt að foreldrar geti ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum. Í athugasemdum við framangreint ákvæði frumvarpsins kemur fram að lögð sé til sú grundvallarbreyting að foreldrar geti nú samið um að lögheimili barns geti verið hjá þeim báðum, barn geti þannig átt tvö lögheimili.

Samkvæmt 64. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu tekjur barns sem er innan við 16 ára aldur á tekjuárinu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tölul. 1. mgr. 62. gr. laganna, ef foreldrar þess eru skattlagðir sem hjón en ella með tekjum þess foreldris eða manns sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Þá kemur fram í 89. gr. framangreindra laga að menn sem um ræðir í 1. gr. laganna skuli telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 31. desember á tekjuárinu. Eftir að börn verða sjálfstæðir skattaðilar, við 16 ára aldur, ber þeim þannig að telja fram í því umdæmi þar sem þau eiga lögheimili. Verði framangreint ákvæði 4. gr. frumvarpsins að lögum er ljóst að gera þarf breytingar á lögum um tekjuskatt og kveða skýrt á um framtals- og skattlagningarstað barna sem hafa tvöfalt lögheimili, enda getur sú staða komið upp að foreldrar barnsins eigi lögheimili í sitt hvoru skattumdæminu.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 3. másl. 1. mgr. 68. gr. A í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Er lagt til að málsliðurinn orðist svo:

*„Sá er greiddur meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi nema hann fari með sameiginlega forsjá barns og foreldrarnir hafi samið svo um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, sbr. 5. mgr. 31. gr. barnalaga og 2. mgr. 8. gr. laga um lögheimili.“*

Í skýringum við framangreint ákvæði frumvarpsins segir að nái tillagðar breytingar á

barnalögum fram að ganga þurfi samhliða að tryggja að báðir foreldrar teljist framfærendur barnsins í skilningi laga um tekjuskatt og að stuðningur hins opinbera við einstæða foreldra skiptist á milli foreldranna. Segir svo: „Með breytingunni fá foreldrar báðir bætur sem einstætt foreldri í þessum tilvikum, að fullnægðum öðrum skilyrðum fyrir barnabótum.“ Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins kemur ennfremur fram að lagðar séu til breytingar á lögum um tekjuskatt og lögheimilislögum í 11. gr. frumvarpsins til að tryggja annars vegar að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum og hins vegar að foreldrar sem semja með þessum hætti fái bæði barnabætur sem einstætt foreldri. Rétt er að vekja athygli á því að skv. 2. gr. laga um félagslega aðstoð skal greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra, en ósamræmi í hugtakanotkun milli laga skapar oft óþarfa óvissu og núning um réttarstöðu einstaklingavið breytilegar aðstæður.


Samkvæmt 68. gr. A áður greindra laga fer fjárhæð barnabóta sem greiða skal vegna barna innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, eftir tekjum og hjúskaparstöðu framfærenda. Framfærandi sem ekki er í hjúskap eða sambúð þar sem skilyrði til samsköttunar eru uppfyllt, fær greiddar barnabætur sem einstætt foreldri. Sé framfærandi í hjúskap eða í sambúð þar sem skilyrði til samsköttunar eru uppfyllt reiknast barnabætur hins vegar eins og um hjón sé að ræða og skiptast barnabætur þannig á milli foreldris og maka sem ekki er endilega foreldri barnsins. Yrði breyting sú sem lögð er til með frumvarpinu að lögum bæri að reikna barnabætur til framfærenda, beggja foreldra eins og frumvarpið kveður á um. Barnabætur til foreldra sem deila forræði ættu þannig að skiptast á milli þeirra að teknu tilliti til skerðingar vegna tekna. Samkvæmt gildandi lögum myndu barnabætur skerðast um tekjur framfærenda og maka þeirra, í þeim tilvikum sem framfærendur eru í hjúskap eða sambúð. Reiknaðar bætur eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar myndu svo skiptast á milli fjögurra aðila, þ.e. framfærenda og maka þeirra. Óekjutengdar barnabætur myndu þannig einnig skiptast á milli framfærenda og maka þeirra. Þá eru ekki í gildandi lögum neinar reglur um hvernig reikna bæri barnabætur til framfærenda í þeim tilvikum þegar einungis annar framfærenda er í hjúskap eða sambúð.

Ljóst er að foreldrar hafa verulega hagsmuni af því fyrirkomulagi sem stefnt er að með frumvarpi þessu, þannig að gjalda verður varhuga við heildaráhrifum þess að slíkt yrði óeðlilegur hvati til að skipa málum eftir því sem best hentar hverju sinni - án þess að hagsmunir barnanna séu endilega hafðir í fyrirrúmi.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri að lögfesting frumvarpsins leiddi til ýmissa vandkvæða og ófyrirsjáanlegra vandamála í skatt- og félagsmálaframkvæmd og því afar varhugavert að samþykka frumvarpið í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Guðrún J. Jónsdóttir